

**AUGLÝSING**

49

25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 2. júní 1921.

## 1. gr.

Við 47. gr. bætist:  
Gjald fyrir óskilafjárauglýsingu greiðist úr sýslusjóði.

## 2. gr.

Úr fyrstu málsgrein 48. gr. falli niður orðið: „auglýsingakostnaður“.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkv. 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING**

50

25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 9. ágúst 1920.

Upphaf 42. greinar orðist svo:

Af andvirði óskilafjár greiðist sölulaun og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næstkomandi septemberloka sannar eignarrétt sinn. Auglýsingakostnaður greiðist úr sýslusjóði.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

**SAMÞYKKT**

51

27. marz

fyrir Fiskræktarfélagið Úlfjótur.

## 1. gr.

Nafn félagsins er Fiskræktarfélagið Úlfjótur. Heimili og varnarþing félagsins er Rafmagnsstöðin við Ljósafoss.

## 2. gr.

Félagssvæðið er fiskihverfi Úlfjótsvatns í Sogi, fyrir löndum jarðanna Úlfjótsvatns, Villingavatns (itaks), Kaldárhöfða og Efri-Brúar. Eru eigendur þessara

51 jarða, ásamt eigendum að Kaldárhöfða-veiðirétti, allir þátttakendur í fiskræktarfélaginu Úlfljóti. Leiguliðar á fyrrnefndum jörðum mega gerast félagar í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, en til þess þarf samþykki lögmeats félagsfundar.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að auka silungsmagn í Úlfljótuvatni. Einnig að athuga, hvort fært muni kostnaðar vegna að gera Sogsfossana laxgenga og hvort aðrir annmarkar yrði því samfara.

Félagið hefir í hyggju að koma upp klakhúsi og starfrækja það, og ef svo ber undir að selja utanfélagsmönnum seiði úr klakinu. Velur félagsstjórnin klakhúsinu stað í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við byggingu og rekstur klakhússins svo og arði, sem ekki er lagður í sjóði, skal jafna niður á eigendur þeirra jarða, sem í félaginu eru eða leiguliða, sem koma í þeirra stað, í eftirtöldum hlutföllum:

Úlfljótuvatn .....	40 %
Villingavatn .....	10 —
Kaldárhöfða-veiðiréttur .....	25 —
Kaldárhöfði .....	12½ %
Efri-Brú .....	12½ —

Telst þetta gjaldskrá félagsins.

Félagsstjórn er heimilt að taka lán til þess að greiða allt að 50% af stofnkostnaði við klakhúsið eða viðbót við það síðar; er ekki hægt að skylda neinn félagsmann til þess að ganga í ábyrgð fyrir slíku láni, heldur verður það að vera komið undir samþykki hlutaðeigandi félagsmanns.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gangu þeir úr stjórninni á víxl þannig: formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi með hlutkesti eftir tvö ár, hið þriðja ár sá síðasti og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmeat forföll hamli, eða hann hafi verið þrjá ár í stjórn.

### 5. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjá með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður mann til þess að gæta klaksins og til þess að veiða klaksilung og semur um þóknun og aðra skilmála viðvíkjandi því.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Stjórnin er ólaunuð.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

### 6. gr.

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert.

Aðalfundur er lögmeatur:

- Ef hann er boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnisins getið í fundarboðinu.
- Að meiri hluti félagsstjórnarinnar sé á fundinum ef formaður er fjarverandi. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða

reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kýs stjórn og einn 51  
endurskoðanda félagsreikninganna.

27. marz

Til þess að breyta samþykktum félagsins þarf samþykki allra félagsmanna og til félagsslita  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna.

## 7. gr.

Hver félagsmaður ræður veiði fyrir landi jarðar sinnar og hefir sjálfur arð ar henni eins og verið hefir til þessa, samkvæmt gildandi landslögum.

## 8. gr.

Stjórn félagsins boðar aukafundi, þegar henni þykir ástæða til eða helmingur félagsmanna óskar þess og skal fundarefni tilgreint í fundarboði.

## 9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 10. gr.

Kostnaði umfram tekjur skal jafnað niður á félagsmenn í því hlutfalli, sem sagt er í 3. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 3. gr. fyrr en eftir aðalfund. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af tekjuafgangi, er færast í varasjóð félagsins.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 50—100 kr., sem renni í félagssjóð.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda  
nr. 20 22. febrúar 1934.

52

27. marz

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist Mælifell í Skagafirði, Eyvindarstaðaheiði og Auðkúluheiði.

## 2. gr.

2. töluliður 7. gr. falli niður.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*